

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ

1. gr.

Hunda- og kattaeygaendur í Snæfellsbæ, skulu greiða leyfisgjald skv. tölulið 3 í 1. grein og 14. grein samþykktar um hunda- og kattahald nr. 757/2007.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sbr. tölulið 3 í 1. grein samþykktar nr. 757/2007 skal vera kr. 20.000.- fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. 14. grein samþykktar nr. 757/2007 skal vera kr. 7.550.- fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. apríl og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda sbr. tölulið 3 í 1. grein samþykktar nr. 757/2007 skal vera kr. 20.000.- Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 9.000.- fyrir 1. skipti, kr. 12.000.- fyrir 2. skipti og kr. 15.000.- fyrir 3. skipti.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigenda sínum fyrr en að lokinni skáningu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar samkvæmt 59. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 1232/2017.

Staðfest af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 6. desember 2018.

Snæfellsbæ, 6. desember 2018

Kristinn Jónasson
bæjarstjóri